

Hagstofa Íslands
Borgartúni 21a
150 Reykjavík

Upplýsingaveita - Vefþjónustur

Síðast uppfært:
7.12.2016

Eigandi	Hagstofa Íslands
Version	1.1
Umsjónarmaður	Sigurður Marísson sigurdur.marisson@hagstofa.is

Efnisyfirlit

1	Inngangur	3
2	Auðkenning	4
3	Sending gagna	5

1 Inngangur

Aðilar sem reka gistiheimili og hótél munu skila mánaðarlegum skýrslum um gistinætur á stöðluðu formi til Hagstofu Íslands. Hagstofan mun sjá um framkvæmd gagnasöfnunar.

Besta leiðin fyrir stærri aðila til þess er að skila XML skjali. Þetta skjal er hugsað til leiðbeiningar um notkun vefþjónustunnar.

Skjalið er lýsing á þeim þjónustum sem nauðsynlegar eru til að hægt sé að skila.

Öll samskipti við þjónustuna fara fram í gegnum örugga tengingu (https). Þannig er tryggt að samskiptin séu dulkóðuð.

Skilaaðilar þurfa að auðkenna sig með notandanafni og lykilorði til að skila inn gögnum.

Innihald skilanna er ekki með neinum hætti hægt að sækja í gegnum þjónusturnar.

Önnur leið er að nota Vefskilakerfi Hagstofunnar til að skila þessum skýrslum, en þar þarf að fylla út vefform með upplýsingunum, en ekki er fjallað um þann hluta verkefnisins í þessu skjali.

2 Auðkenning

Vefþjónustan er aðgangsstýrð og hafa notendur fengið úthlutað notandanafni og lykilorði. Upplýsingar um þau má nálgast hjá Halldóri Ágústi Ágústssyni (Gagnasofnun@hagstofa.is og í síma 528 1226) .

Auðkenning fer þannig fram að fyrst þarf að kalla í **GetAccessKey** með notandanafni og lykilorði. Fallið skilar AccessKey en hann er einkvæmur aðgangsslykill sem gildir aðeins fyrir eina session. Aðgangsslykillinn þarf síðan að nota í framhaldinu í færribreytunni AccessKey í þeim föllum sem notandi kys að kalla í.

Vefþjónusta fyrir GetAccessKey er á slóðinni:

- <https://services.hagstofa.is/webservices/metadata.asmx>

URL fyrir wsdl er á slóðinni:

- <https://services.hagstofa.is/webservices/metadata.asmx?wsdl>.

GetAccessKey(string UserName, string Password)		
Lýsing	Tekur við notandanafni og lykilorði þess notanda sem ætlar að auðkenna sig og skilar einkvæmum streng (Access key) sem er notaður við auðkenningu og gildir á meðan lotan er virk. Því þarf að kalla og fá nýjan Access key í hvert sinn sem kallað er. (Hægt er að nota UserName <i>gistiskyrslutest</i> og Password <i>1234</i> fyrir prófanir)	
Inntaksbreytur	Gagnategund	Lýsing
UserName	string	Notandanafn eins og það er skilgreint af Hagstofu.
Password	string	Lykilorð eins og það er skilgreint af Hagstofu.

3 Sending gagna

Sending gagna getur ekki átt sér stað fyrr en búið er að auðkenna notandann ([sjá Auðkenning](#)) og fá þar aðgangsykil, sem síðan er notaður í kalli á föllin Validate og/eða Send.

WSDL lýsing vefþjónustu sem tekur við skilum vegna gistiskýrsla er á slóðinni:

- https://services.hagstofa.is/wsdl.aspx?service=upplysingaveita-svf_v01 .

Vefþjónustan hefur tvö föll (methods);

- **Validate** - fallið er hugsað til að hægt sé að staðfesta að í lagi sé með gagnasendingu og til hagræðis fyrir þróunaraðila. Skilar strengnum „Valid“ til baka ef allt er í lagi, annars nánari útskýringu á því sem er í ólagi.
- **Send** - skilar gögnum inn til Hagstofu og framkvæmir einnig staðfestingu (Validate). Skilar strengnum „Valid“ til baka ef allt er í lagi, annars nánari útskýringu á því sem er í ólagi.

Báðar þjónusturnar skila streng og eru villuskilaboð hluti strengsins ef upp kemur villa.

Validate (string AccessKey, string xml)		
Lýsing	Fallið tekur við xml streng og skilar til baka streng sem segir til um hvort xml-ið stenst þær form kröfur sem skemað gerir til þess. Skilar til baka <i>Valid</i> ef allt er í lagi, annars einhvers konar útskýringu á því sem aflaga hefur farið.	
Inntaksbreytur	Gagnategund	Lýsing
AccessKey	string	Gildur auðkenningarlykill eða AccessKey eins og honum er skilað sjá 2 Auðkenning.
xml	string	XML þarf að vera skilgreint samkvæmt schema (http://hagstofa.is/innsofnun/upplýsingaveita-svf/fjrsvf.xsd) Ef xml er ekki rétt formað er það engu að síður vistað. Ef ekki er formleg xml skilgreining þarf xml að vera ANSI. Annars er fullnægjandi að tilgreina encode í skilgreiningu, sbr. <code><?xml version="1.0" encoding="[Skilgreining]"?></code>

Send (string AccessKey, string xml)		
Lýsing	Fallið tekur við xml streng og skilar honum til Hagstofu. Einnig er framkvæmd staðfesting eða vaildering og skilar til baka <i>Valid</i> ef allt er í lagi, annars einhvers konar útskýringu á því sem aflaga hefur farið. Ef um villu er að ræða er innihald xml engu að síður vistað hjá Hagstofu.	
Inntaksbreytur	Gagnategund	Lýsing
AccessKey	string	Gildur auðkenningarlykill eða AccessKey eins og honum er skilað sjá 2 Auðkenning.
xml	string	XML þarf að vera skilgreint samkvæmt schema (http://hagstofa.is/innsofnun/upplýsingaveita-svf/fjrsvf.xsd) Ef xml er ekki rétt formað er það engu að síður vistað. Ef ekki er formleg xml skilgreining þarf xml að vera ANSI. Annars er fullnægjandi að tilgreina encode í skilgreiningu, sbr. <code><?xml version="1.0" encoding="[Skilgreining]"?></code>